

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Evu M. Ævarsdóttur  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.



22. mars 2000

**Umsögn** um þingsályktun um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, 174 mál.

Samtökin Barnaheill fagna framkominni þingsályktun um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota. Barnaheill vilja hins vegar benda á að verkefni nefndarinnar sem á að gera ítarlega úttekt á stöðu þolenda kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu er mjög viðamikil. Nefndarmenn eiga að skoða:


- Lagaákvæði er varðar starfshætti dómstóla.
- Hvort þörf sé á að herða refsiaákvæði.
- Leggja fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb.
- Hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum er hægt að beita m.a. gagnvart gerendum.
- Benda á leiðir til að hvetja þá sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að megintilgangur tillögunnar sé að sérfræðingar verði fengnir til að gera ítarlega úttekt á öllu réttarfari í kynferðisbrotamálum, einkum þeim er snerta börn og unglunga. Flutningsmenn gera þó ekki ráð fyrir að tilnefndir séu fulltrúar frá félögum lögfræðinga eða lögmannna né fulltrúi dómara sem hlýtur að vera mjög mikilvægt í þessu samhengi.

Barnaheill vilja ítreka að liðir a-e hér að ofan eru allir jafnmikilvægir þættir til að efla þekkingu á þessum málaflokki en ólíklegt að sami einstaklingur hafi góða þekkingu á öllum þessum sviðum og því mikilvægt að fulltrúar frá ólíkum sviðum og stofnunum sitji í nefndinni svo hægt sé að skipta með sér verkum. Ef haft er í huga viðamikil verksvið nefndarinnar má spyrja hvort tíminn fram að haustþingi 2000 sé nægjanlegur til verksins.

Að lokum má benda á að með tilkomu Barnahúss er í fyrsta sinn möguleiki á að afla reynslu og sérþekkingar á þessu sviði frá þeim sem að slíkum málum koma og því afar mikilvægt að sú starfsemi haldi áfram ekki síst til að efla traust á milli ólíkra starfstétta þolendum kynferðisbrota til hagsbóta, ekki síst börnum og unglungum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla

  
Kristín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri.

Til Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

29. nóvember 2003

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, slysa- og bráðasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss hefur fengið til umsagnar **þált. um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota**, 137. mál 130 löggjafarþings 2003-2004.

Í texta sjálfrar þált. er rætt um að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota, einkum barna og unglinga, og lagt til að skipuð verði nefnd til að gera ítarlega úttekt á stöðu mála og ferli þeirra í réttarkerfinu og því hvernig megi beita fyrirbyggjandi aðgerðum.

Af þessum texta má ráða að um sé að ræða hvers konar kynferðislegt ofbeldi.

Hins vegar kemur fram í greinargerðinni að líklega er fyrst og fremst verið að tala um sífjaspell, misnotkun eða brot af svipuðum toga. Það er því ekki fullljóst af texta sjálfrar tillögunnar um hvaða tegund brota er að ræða.

Ástæðan fyrir því að lögð er sérstök áhersla á þetta hér er sú að skjólstæðingar Neyðarmóttöku vegna nauðgunar hafa verið um 1000 talsins undanfarin 10 ár. Þeir eru að meginhluta til ungar manneskjur, um 70% eru undir 25 ára aldri og allt að 30% undir 18 ára aldri. Um 96% þeirra sem til okkar leita eru konur. Ástæður fyrir komu eru oftast nauðgun eða tilraun til nauðgunar en geta þó verið ýmsar aðrar. Þær flokkast þó ekki undir sífjaspell eða kynferðisbrot af þeim toga. Þó alltaf megi gera betur er sú samræmda, faglega þjónusta og stuðningur sem þessum einstaklingum stendur til boða með því besta sem gerist á Norðurlöndunum. Það eru þó ekki allir sem nýta sér hana til fullnustu.

Ég tel mjög mikilvægt að kanna og bæta stöðu þeirra barna og unglinga sem verða fyrir sífjaspellum, misnotkun eða kynferðisbrotum af svipuðum toga og styð því meginefni tillögunnar. Hins vegar er það ekki fullljóst af texta hennar, eins og hann er orðaður nú. Slík rannsókn, með óbreyttu orðalagi tillögunnar, ætti því einnig að taka til skjólstæðinga Neyðarmóttöku vegna nauðgunar án þess þó aðgert sé ráð fyrir að fulltrúi þaðan eigi sæti í þeirri nefnd sem ætlað er að kanna málið.

Ég legg til að orðalag tillögunnar verði gert skýrara þannig að ljóst sé til hvaða afbrota hún taki, samanber athugasemdir að ofan, og styð heilshugar að hún verði samþykkt þannig.

Með vinsemd ,

Guðrún Agnarsdóttir yfirlæknir  
f.h. Neyðarmóttöku vegna nauðgunar  
slysa- og bráðasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss  
Fossvogi.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/534*  
*komudagur 8.12.2003*

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 4. desember 2003.

**Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um bættu stöðu þolenda kynferðisafbrotu. 130. löggjafarþing 2003–2004. Þskj. 137-137. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 5. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Laganefnd félagsins hefur áður fengið efnislega samhljóða tillögu til umsagnar, m.a. á 125. löggjafarþingi, þar sem nefndin taldi sig ekki geta mælt með samþykki hennar. Í rökstuðningi laganefndar fyrir þeirri niðurstöðu segir m.a.:

“Laganefnd telur sér ekki fært að mæla með samþykki þingsályktunartillögunnar. Telur nefndin tillöguna ekki þjóna tilgangi sínum, nema markmið hennar verði skilgreind með markvissari hætti. Þá telur nefndin að samsetning sérfræðinga í sérstakri nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir að dómsmálaráðaherra skipi, m.a. til að gera úttekt á stöðu þolenda kynferðisafbrotu og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu, sé gölluð, þar sem ekki er gert ráð fyrir að í nefndinni sitji lögfræðingur”.

Þar sem ekki verður séð að bætt hafi verið úr þeim annmörkum sem vísað er til í umsögn laganefndar, í þeirri tillögu til þingsályktunar sem nú liggur fyrir, er afstaða nefndarinnar óbreytt.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,  
formaður



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/440**  
**komudagur 3.12.2003**

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 2. desember 2003

Tilvísun: 2003110045


091.1

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn Ríkislögreglustjóra um 137. þingmál, tillaga til þingsályktunar um bættu stöðu  
þolenda kynferðisbrota.**

Ríkislögreglustjóri hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreinda tillögu.

F.h. Ríkislögreglustjóra



Björn Þorvaldsson, lögl. fulltr.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 22.12.2003

**Umsögn, Sálfræðingafélags Íslands, um tillögu til þingsályktunar um bætta stöðu  
þolenda kynferðisafbrotu 137. mál. (130. löggjafarþing 2003–2004)**

Sálfræðingafélag Íslands (SÍ) fagnar þessari þingsályktunartillögu því SÍ telur mjög brýnt að skipuð verði nefnd sérfræðinga sem hafi það að verkefni að kanna og gera tillögu um bætta stöðu þolenda kynferðisbrotu, einkum barna og unglinga.

SÍ telur brýnt að nefndin skoði feril mála í dómskerfinu einkum er varðar skýrslutöku á brotaþolum yngri en 18 ára. SÍ vill benda á að mikilvægt er að nefndin skilgreini hvaða sérbúnað eða aðstaða skuli standa börnum til boða til skýrslutöku og að fjarfundarbúnaði verði komið upp við alla héraðsdómstóla landsins, samskonar og við Héraðsdóm Reykjanes. Þá stæði öllum börnum til boða bestar aðstæður til skýrslutöku en einnig telur SÍ nauðsynlegt að skilgreina þær kröfur sem gerðar eru til kunnáttumanns. Kunnáttumaðurinn þarf að hafa á valdi sínu aðferðir við skýrslutöku sem byggja á stöðluðum rannsókuðum aðferðum sem eru undir stöðugri þróun í því skyni að bæta en frekar réttarstöðu sakbornings og brotaþola.

SÍ vill árétt að tímafrestir eru skilgreindir í réttarvörslukerfmi en virðast ekki vera nógu vel skilgreindir varðandi lögreglurannsóknina, skilgreina þarf forgang hjá lögreglu og tímafresti. Bið eftir skýrslutöku er meintum brotaþola íþyngjandi og getur auk þess haft skaðleg áhrif á rannsóknina.

SÍ bendir á mikilvægi þess að nefndin skoði lög nr 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota m.t.t. að þolendum ósakhæfra gerenda verði skipaður réttargæslumaður, þannig að þolendur eigi sömu möguleika á að krefjast miskabóta og þeir sem verða fyrir ofbeldi sakhæfra. Einnig vill SÍ benda á að vísutölutenging bótagreiðslna var afnumin fljótlega eftir gildistöku laganna og því er bótaupphæðin sem ríkið ábyrgist mun lægri en lagt var upp með og þetta þarf að leiðrétta.

SÍ álitur afar mikilvægt að nefndin leggi fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrotu eigi kost á, því þar megi verulega bæta um betur þann stuðning og meðferðarúrræði sem eru þó til í nokkrum mæli í dag. En við stofnun Barnahúss var gerð veruleg bragarbót. Barnaverndarlög

nr.80/2002 tryggja börnum sem sætt hafa kynferðisofbeldi lágmarks þjónustu sbr. 24 gr. c. Barnverndarlögin tryggja barni viðeigandi lágmarks stuðning og meðferð en SÍ álitur að kostnaður vegna þessa verði ríkið að bera en hann falli ekki á vk. sveitarfélag.

SÍ telur nauðsynlegt að skoða þær skyldur sem eru settar á barnaverndarnefndir og þá sérstaklega m.t.t. þess að nefndirnar geta átt í verulegum erfiðleikum með að rækja skyldur sínar í litlum bæjarfélögum. Í þessu sambandi vill SÍ leggja áherslu á að mikilvægt er að gagnkvæm tilkynningarskylda ríki milli barnaverndarnefndar og lögreglu og það verði gert að skyldu með lögum að barnaverndarnefndir skuli óska eftir opinberri rannsókn allra mála er varða meint kynferðisbrot gegn börnum.


SÍ styður það eindregið og leggur á það verulega áherslu að nefndin skoði hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum sé hægt að beita til þess að takmarka og nýgengi og umfang kynferðisafbrot.

SÍ styður það eindregið að nefndin verði skipuð sérfræðingum á sviði kynferðisbrota og telur mikilvægt að hún verði skipuð fulltrúum stéttarfélaga, eins og kemur fram í greinargerð með tillögunni en einnig frá Lögmannfélagi Íslands, fulltrúum frá dómskerfinu og Umboðsmanni barna.


SÍ bendir á að brýnt er skoða hegningarlögin sérstaklega 194 gr. 22. kafli m.t.t. réttarstöðu þolenda kynferðisbrota og má í því sambandi vísa til þess að SÍ er ekki kunnugt um og telur að aldrei hafi verið ákært fyrir nauðgun barna undir 14 ára aldri. SÍ áréttar að hægt ætti að vera að ákæra fyrir nauðgun því að samræði við barn feli óhjákvæmilega ofbeldi í sér. Einnig telur SÍ mikilvægt að skoða hvernig dómskerfið hefur nýtt refsirammann því þeir dómur sem hafa fallið undanfarið benda til að dómskerfið nýti sér ekki refsirammann sem þegar liggur fyrir í lögum.

SÍ telur brýnt að kanna hvort ástæða sé til að sýknudómum í kynferðisbrotamálum verði áfrýjað til Hæstaréttar í meira mæli en nú er gert. Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru álitur SÍ mikilvægt að málin hljóti meðferð fyrir tveimur dómstigum.

Ingi Jón Hauksson, framkvæmdastjóri



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 130/480**  
**komudagur 4.12.2003**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember, 2003.

Ég undirrituð hef lesið tillögu til þingsályktunar um bættu stöðu þolenda kynferðisafbrotá.

Ég er með athugasemd varðandi orðalag í greinargerð tillögunnar. Fram kemur í henni varðandi kynferðisafbrotamenn að “oftar en ekki er um mjög sjúka einstaklinga að ræða”. Ég tel varhugavert að nota orðið “sjúka” í þessu sambandi, þar sem ekkert virðist benda til þess að þeir séu sjúkir eða veikir. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að þeir hafa gjarnan afar takmarkaða samhyggð með öðrum og eiga erfitt með að setja sig í spor annarra. Jafnframt að þeir líta gjarnan á börn sem hluti (objects) fremur en manneskjur, til þess að uppfylla eigin þarfir. Ég er ekki að draga úr þörf fyrir meðferðarúrræði handa kynferðisafbrotamönnum, heldur einungis að leggja til að notað verði annað orð en “sjúka” til að lýsa gerendum kynferðisofbeldis.

Virðingarfyllst,

Freydís Jóna Freyseinsdóttir  
lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands



Til allsherjarnefndar  
Frá Stígamótum

Reykjavík 22.11.2003

### Umsögn um 137. mál þátt. um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota.

Stígamótakonur fagna endurfluttri tillögu Jóhönnu Sigurðardóttur um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota. Það er mikið verk að vinna á þessu sviði og margar leiðréttingar sem hægt er að gera fyrirhafnarlítið til þess að bæta stöðu brotaþola. Við styðjum því tillöguna heilshugar. Meðfylgjandi eru nokkrir punktar sem slík sérfræðinganefnd þyrfti að hugleiða.


#### Starfssvið nefndarinnar

Við veltum fyrir okkur hvort vikka ætti út starfssvið nefndarinnar þannig að staða brotaþola í nauðgunarmálum gegn fullorðnum gleymist ekki. Stígamót hafa undanfarin 3 ár tekið þátt í Evrópuverkefni undir stjórn prófessors Liz Kelly, styrktu af Evrópusambandinu undir yfirskriftinni "Rape- the forgotten issue". Verkefnið fékk fjármagn til áframhaldandi rannsókna og ber seinna verkefnið nafnið "Rape- still the forgotten issue". Það skiptir þó máli að oftast eru það ólíkir hópar sem fara annars vegar með málefni barna og unglunga og hins vegar með málefni fullorðinna brotaþola og það talar gegn útvíkkun á starfssviði nefndarinnar.

#### Örlítið brot af okkar málum leiðir til ákæru

Samkv. Ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2002 voru aðeins 8.3% af okkar málum kærð. Ef þær tölur eru skoðaðar með hliðsjón af upplýsingum í greinargerð um að ákært sé í minna en 10% af kærðum málum er ljóst að aðeins örlítið brot af þeim málum sem við föngum hjá Stígamótum leiða til ákæru.

#### Afdrif þeirra mála 255 mála sem Stígamótum bárust árið 2002



Stígamót



Þó er mikilvægt að taka fram að Stígamót taka fyrst og fremst á móti fullorðnu fólki sem oftast koma til okkar vegna gamalla mála. Sérstaklega eftir tilkomu bæði Neyðarmóttöku og Barnahúss. En aðrar skýringar eru þær að fólk veti hversu litlar líkur eru á að það nái rétti sínum og treystir sér ekki til þess að fara í gegnum kæruférlí. Unglingsstúlkur taka þátt í sjálfshjálparhópum okkar eftir að málin þeirra eru þekkt og er oft um að ræða tilvísun úr Barnahúsi. Því er ein skýring á fáum kærum sú að málin eru fyrnd. Ein einföld aðgerð til þess að bæta stöðu brotþola er t.d. að firningarklukkan byrji ekki að tikka fyrr en barn er a.m.k. 18 ára. Einnig má spyrja hvort alvarleg kynferðisbrotamál eigi að firnast.

### Ofbeldismenn byrja ungir og við því þarf að bregðast

Samkvæmt okkar tölum sem eru sambærilegar við erlendar rannsóknir eru um 20% kynferðisbrotamanna yngri en 18 ára. Það er því mjög brýnt að grípa fljótt inn í hegðun þeirra. Slíkt starf er hafið hjá Barnahúsi, en betur má ef duga skal.


### Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið skv. ársskýrslu

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	
1-10 ára	2,9%	0,4%	0,6%	0,5%	0,3%	0,3%	0,9%	0,4%	0,0%	0,0%	1	0,3%
11-15 ára	7,9%	14,3%	15,3%	16,0%	17,2%	12,6%	14,4%	8,1%	6,8%	6,6%	20	6,0%
16-18 ára	14,6%	11,0%	12,3%	9,3%	13,9%	8,2%	11,6%	10,9%	8,0%	10,2%	37	11,0%
19-29 ára	20,9%	20,7%	18,8%	24,3%	19,9%	19,1%	16,7%	25,4%	33,8%	34,8%	116	34,5%
30-39 ára	21,9%	23,4%	20,5%	23,1%	23,0%	19,5%	23,1%	16,5%	26,6%	28,9%	91	27,1%
40-49 ára	11,6%	11,4%	10,5%	8,4%	8,2%	12,3%	12,0%	14,1%	11,8%	10,9%	37	11,0%
50-59 ára	5,0%	5,6%	5,7%	5,2%	6,3%	5,1%	5,6%	5,6%	6,8%	2,7%	20	6,0%
60 ára og eldri	3,2%	5,0%	8,4%	7,1%	6,6%	5,8%	1,9%	3,2%	5,1%	2,7%	8	2,4%
Óvist	12,1%	8,3%	7,9%	6,1%	4,6%	17,1%	13,9%	15,7%	1,3%	3,1%	6	1,8%
Fjöldi	786	483	525	407	366	283	216	248	237	256	336	

### Bæta þarf hlustunarskilyrðin hjá þeim aðilum sem koma að kynferðisbrotamálum.

Það er umhugsunarvert að þrátt fyrir nýja rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur sem vitnað er í í greinargerð með tillögunni um að 23% stúlkna og 7% drengja séu beitt kynferðisofbeldi, er það aðeins í 1.6% tilfella sem okkar fólk hefur leitað hjálpar hjá starfsfólki skóla. Hjá Stígamótum teljum við að ástæða þessa sé m.a. sú að í menntun fagfólks á þessu sviði er takmörkuð áhersla lögð á kynferðisofbeldi. Við höfum of mörg dæmi um að fagstéttir hafi veigrað sér við að taka á alvarlegum kynferðisbrotamálum vegna óöryggis og málum hafi ekki verið sinnt sem skyldi. Það þarf því að gera verulegt átak í menntun fagfólks og minna stöðugt á ábyrgð og skyldur í kynferðisbrotamálum. Í meira en helmingi tilfella hefur það fólk sem leitar til Stígamóta hvergi annars staðar leitað hjálpar. Það er hægt að bæta.

## Hvar hefur aðstoðar verið leitað þegar komið er til Stígamóta skv. ársskýrslu?



Hér er samtalan meira en 100% því sumir hafa víða leitað aðstoðar.

Stígamótakonur eru reiðubúnar til þess að taka þátt nefndarstarfi sem þessu. Þekkingu fylgir ábyrgð og nú vitum við öll að margt þarf að laga. Við hljótum öll að vera sammála um að gera það sem við getum til þess að kynferðisbrotamál séu sem fæst og að þeim sé sinnt af þeirri bestu fagmennsku sem við höfum yfir að ráða. Við fögnum tillögnum og skorum á þingmenn að veita henni brautargengi.

Með vinsemd og virðingu  
f.h. Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir (Rúna)

Fylgiskjal: Ársskýrsla Stígamóta fyrir árið 2002